

ÞORGEIR SIGURÐSSON

Sú vísa er æva skyldi kveðin

Gísla saga er Íslendingasaga sem segir frá norskum landnemum á Íslandi á 10. öld. Sagan minnir á nútíma sakamálasögu. Morð eru framin og reynt er að upplýsa þau. Eins og í öðrum Íslendingasögum er lesandanum ekki sagt hvað fólk hugsar, heldur aðeins hvað það gerir og segir. Gísli var dæmdur sekur og í útleð vegna vísu þar sem hann játar að hafa drepit mág sinn, Þorgrím goða Þorsteinsson. Vísan er torskilin og nafn Þorgríms er falið í skáldamáli vísunnar. Hér ber ég hana saman við aðrar vísur sem nota sams konar skáldamál til að umskrifa nöfn með forliðnum Þor-.

Dráp Þorgríms var hefnd fyrir morð Vésteins, sem var annar mágur Gísla og fóstbróðir. Sá sem helst lá undir grun var Þorkell, bróðir Gísla, vegna afbrýði í garð Vésteins. Þorkell bjó hjá Þorgrími sem lá einnig undir grun. Lesandanum er aldrei sagt berum orðum hver er sekur. Reynt var að láta málið niður falla og vinsamlegir íþróttakappleikir fóru fram. Í einum þeirra tókust Gísli og Þorgrímur harkalega á og hafði Gísli betur. Eftir þau átök leit Þorgrímur í áttina að haugi Vésteins og fór með hálfkveðna vísu:¹

Geirr í gumna sörum
gnast; kannkat þat lasta.

Efni vísunnar: Spjót gnast (brakaði) í sárum mannsins. Mér líkar vel.

Vésteinn var drepinn með spjóti, en Gísli tók vopnið úr sárinu og lét engan sjá það. Hann kom því fyrir í örð að sögn sögunnar (þetta er tökuorð úr latínu *arca* sem merkir kistill eða kista).² Með þessu beitti Gísli aðferð nútíma rannsóknarmanna sem vilja koma upp um morð. Að því gefnu að Auður kona Gísla og þrællinn Þórður huglausi hafi ekki sagt frá morðvopninu gat Þorgrímur ekki vitað að Vésteinn var drepinn með spjóti nema hann væri morðinginn eða í ráðum með honum.

Skömmu síðar, eftir að Þorgrímur hafði storkað Gísla enn frekar, tók Gísli spjótið úr örkinni og drap Þorgrím um nótt með leynd. Þá fyrst

1 Björn Karel Þórólfsson 1943:50.

2 Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:1227.



kemur fram í sögunni að spjótið var Grásíða, en það spjót var gert úr brotnu sverði sem faðir Gísla kom með frá Noregi en bróðir Gísla hafði erfð. Af sögunni má skilja að Grásíða hafi verið illa fengin í Noregi. Á Íslandi fengu bróðirinn og Þorgrímur seiðmann til að smíða stutt spjót úr sverðsbrotunum og spjótinu hafa fylgt ill álög. Aftur var reynt að koma á friði og teknir upp íþróttakappleikir. Nú var það Gísli sem ekki gat stillt sig um að fara með vísu sem upplýsti morð. Yfirleitt sjáum við ekki í sögunni hvaða tilfinningar sögumaður ber til söguefnis, en hér segir hann:³ „Gísli kvað þá vísu, er æva skyldi“ (hann skyldi aldrei hafa kveðið þessa vísu). Þórdís, systir hans, heyrði vísuna og lærði hana. Hún var eiginkona Þorgríms og hún sagði öðrum frá vísunni. Í sögunni segir að hún hafi „rannsakat“ vísuna.⁴ Gísli var síðan dæmdur í útleið og drepinn að lokum. Í vísunni nefnir Gísli ekki nafn Þorgríms nema í eignarfalli í þessu vísuorði:

tál-gríms vinar fǫlu

Í Fornritaútgáfu sögunnar útskýrir Björn Karel Þórólfsson þetta með tveimur kenningum.⁵ Hann segir að fála sé tröllkona og hennar vinur sé jötunn. Jötuns tál (tjón, tortíming) segir hann að sé Þór, fyrri liður í nafni Þorgríms. Mér þykir það ekki vera góð kenning að kalla Þór tál jötuns. Bergljót S. Kristjánsdóttir⁶ bætti við annarri skýringu í skólaútgáfu á sögunni. Hún sagði að Þór gæti verið vinur tröllkonu (*vinr fálu*), sbr. viðskipti hans og skessunnar Gríðar í *Snorra-Eddu*,⁷ og þá væri *tál-grímr* (svika-grímur) Þórs; hinn svikuli Þorgrímur. Mér þykir ekki betra að kalla Þór vin tröllkonu. Þvert á móti sagði Jón Ólafsson frá Svefneyjum⁸ að hér væri Þór kallaður óvinur tröllkonu, „Trolldqvindes Fiende,“ en hann útskýrði það ekki nánar. Þetta sagði hann í verðlaunaritgerð sinni, *Om Nordens gamle Digtekonst*, þar sem hann leitaðist við með mörgum dæmum að sýna að gamall norrænn kveðskapur væri ekki ómerkilegri en latneskur og grískur.

3 Björn Karel Þórólfsson 1943:58.

4 Björn Karel Þórólfsson 1943:61–62.

5 Björn Karel Þórólfsson 1943:58–59.

6 Bergljót S. Kristjánsdóttir 1999:33.

7 Heimir Pálsson 1996:108.

8 Jón Ólafsson 1786:170.



Einfaldast og réttast sýnist mér að styðja tilgátu Jóns. Þór er sagður drepa mörg tröll í sögum og kvæðum og jafnvel fleiri skessur. Lesa má saman *tál-vinar fálu*, bókstaflega: svikavinar skessu. Hér er Þór í eignarfalli. Nafnið verður Þórs Grímur sem er merking nafnsins Þorgrímur. Annað dæmi um álíka kenningu er í HRAFNSMÁLUM frá um 1012, í lofkvæði um Snorra goða sem segir frá í *Eyrbyggju*.⁹ Í því kvæði er umritun á nafni Þórs í staðarheitinu Þórsness. Nesið er kallað: *Gífrs grand-nes*. *Gífr* er tröllskessa og grand hennar er Þór¹⁰ og hér er útkoman Þór-nes. Hér má nefna að Þórdís var ólétt þegar Gísli drap mann hennar. Barnið var Snorri goði Þorgrímsson, valdamesti maður á Íslandi í kringum árið 1000. Hann átti mörg börn, meðal annarra Þuríði, heimildarmann Ara fróða og Halldór forföður Sturlunga. Á meðal Sturlunga var Snorri Sturluson.

Þriðja dæmið um álíka kenningu er í vísu eftir Þórð Rúfeyjarskáld frá 1120 sem sagt er frá í Þorgils sögu og Hafliða. Hér fyrir neðan er hún á sama formi og í nýrri útgáfu *Sturlungu*.¹¹ Ég set skýringar útgáfunnar til hliðar:

Metin es marka tveggja,
mér þætti, Svartleggja,
góð ef grunlaus væri;
getr vildri mér færi.

Ok fagslegin fála
fastleggs virði hála
semði sjá fyr kvæði.
Sleppr mörgum fullræði.

(Öxin) Svartleggja er metin á tvær merkur;
mér þætti (hún) góð ef væri gallalaus;
færri eru mér hugnanlegri.

Og þessi vandaða öxi sæmdi mannum
harla vel fyrir kvæði.

Margur fer á mis við fullar bætur.

Allir útgefendur *Sturlungu* hafa notað lagfæringar Finns Jónssonar,¹² en Finnur setti orðið *hála* „mjög“ í stað orðsins *tála* og þágufallsmyndina *virði* í stað nefnifallsmyndarinnar *virðir* „sá sem virðir.“ Finnur gerði ráð fyrir að *fála* merkti „öxi“¹³ og hann lét orðið *fastleggs* jafngilda „leggs fasta“ sem væri „gulls.“ *Virðir* gullsins er „maður“.¹⁴ Þannig fæst merking

9 Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson 1935:156.

10 Finnur Jónson 1931:183.

11 Guðrún Ása Grímsdóttir 2021 I:36.

12 Finnur Jónsson 1912–1915 B I:466.

13 Finnur Jónsson 1931:125.

14 Finnur Jónsson 1931:124.



vísunnar eins og hér að framan. Þessi skýring er slæm. *Fasti* getur merkt eldur og *fasti (hand)leggs* getur merkt gull en að *virðir fastleggs* merki „virðir gulls“ gengur illa upp.

Öll handrit hafa *tála* en ekki *hála*. Þau hafa annaðhvort *virðir* eða *virðar* (en ekki *virði*). Það er auðveldara að nota *virðir* og ég geri það.

Ok fagrslegin fála
fastleggs virðir tála

Virðir er af sögninni að virða og er haft um þann sem virðir (metur). Skáldin bjuggu til gerandnöfn af sögnum þegar þau þurftu á þeim að halda. Þetta gerandnafn kemur oft fyrir í kvæðum. Ég legg til að *tála-virðir fála* (svika-virðir tröllskessna) merki Þór. Það á vel við að Þór misvirði skessur. *Fastleggr* er stakyrði sem enginn veit hvað merkir en ég legg til að það sé hér haft um þann sem getur ekkert farið (sem er t.d. með hlekk um fótlegg). Þetta væri hér haft um þann sem er fangi eða gísl. Þór fastleggur er þá: Þór gísl. Hér væri átt við Þorgils Oddason (Gils er sama nafn og Gísl, orðið til við hljóðavíxlan). Öxin, fagurslegin, sem hér um ræðir, hæfði fyrir kvæði Þorgils. Í sögunni kemur fram að Þórður orti kvæði um Þorgils en fékk ekkert að launum. Þar segir að Þorgils, eftir að hafa heyrt vísuna, hafi ekki viljað gefa Þórði öxina (hann sagðist sjálfur vilja ráða hvernig hann fargaði henni) en hann gaf honum eftir landskuld í staðinn. Ég tek þannig saman: *Ok semði sjá fagrslegin fyr kvæði tála-virðir fála fastleggs*, eða: Og hæfði sú fagurslegin fyrir kvæði Þór gísls. Hér er *tála virðir fála* nánast sama kenning og *tál-vinr fólú* fyrir óvin skessu. Öxi Þorgils reyndist vera örlagaöxi, því að með henni hjó hann fingur af Hafliða Mássyni sem varð sögufrægt dómsmál. Vísan er forboði um þetta. Þorgils tapaði um leið öxinni og hefði betur gefið Þórði hana.¹⁵

Í Skáldskaparmálum segir Snorri að Þór megi meðal annars kalla bana tröllkvenna. Í vísu sem Snorri tilfærir eftir Braga Boddason er skemmtilegt afbrigði af slíkri kenningu. Menn hafa hinsvegar misskilið kenninguna og talið að hún segði að Þór væri andstæðingur jötuns. Snorri skýrði ekki þessa kenningu í vísunni en hann skýrði aðra kenningu um eitur.¹⁶ Þannig er vísan hjá Finni Jónssyni.¹⁷

15 Guðrún Ása Grímsdóttir 2021 I:42.

16 Heimir Pálsson 1996:139.

17 Finnur Jónsson 1912–1915 B I:4.



Þás forns Litar flotna
 á fangboða ǫngli
 hrökkviáll of hrokkinn
 hekk Vǫlsunga drekku.

Ég tek saman: *Þás Vǫlsunga drekku hrökkviáll of hrokkinn hekk á ǫngli fangboða forns litar flotna*. *Vǫlsunga drekka* er eitur, segir Snorri, vegna þess að Sigmundur Vǫlsungsson gat drukkið eitur án þess að skaðast. Eitur-*hrökkviáll of hrokkinn* er Miðgarmsormur. Hér segir að Miðgarðsormur hangi á ǫngli Þórs sem er glímu-andstæðingur tröllkonu: *fangboði forns litar flotna*. *Forn litr* (gamalt útlit) *flotna* (manna) er Elli. Andstæðingur hennar er *fangboði* (sá sem býður fang sem er glíma) en það gerði Þór, samanber frásögn Snorra af för Þórs til Útgarða-Loka í Gylfaginningu þar sem hann glímdi við kerlinguna Elli.¹⁸ Hefðbundið er að telja að í vísunni sé Þór kallaður andstæðingur jötuns. Jötunninn á að vera *forn Littr*, þar sem *Litr* er eiginnafráfn á óþekktum jötni. „Elli“ hefur ekki áður verið lesið úr orðunum: *forn litr flotna* „gamalt útlit manna,“ en ég tel vafalaust að það sé betra.

Vísan sem æva skyldi kveðin sýnir að Gísli var sekur en sagan gefur honum málsbætur. Gísla saga gerir athafnir allra manna skiljanlegar og varla er hægt að kenna neinum um þegar illa fer. Það er eins og sagnritarar telji vopn vera samsek um vond verk. Örlagavopnið Grásíða er snemma kynnt til sögunnar og er greinilegt að sögumaður telur nauðsynlegt að segja frá því. Á 13. öld, þegar Gísla saga var skrifuð, þekktu menn Grásíðu vel. Í Íslendinga sögu segir Sturla Þórðarson frá vopni með því nafni sem menn töldu Gísla Súrsson hafa átt. Hann segir frá átökum um 1220 milli Oddaverja og Haukdæla þar sem Grásíða tók þátt og tilfærir vísu. Hér er seinni helmingur hennar:¹⁹

Auðkýfingr lét æfi
 óblíðr fyrir Grásíðu,
 hvöss var hon heldr at kyssa,
 harðmúlaðr var Skúli.

Sturla segir að vísan hafi verið kveðin í Stafaholti. Þar var Snorri Sturluson staddur og var ánægður með örlög Bjarnar Þorvaldssonar sem var efnilegt foringjaefni Haukdæla. Samkvæmt frásögn *Sturlungu*²⁰ var Snorri

18 Heimir Pálsson 1996:61–62.

19 Guðrún Ása Grímsdóttir 2021 II:130.

20 Guðrún Ása Grímsdóttir 2021 II:122–124.



sár yfir því hvernig Sunnlendingar höfðu spottað og snúið út úr kveðskap hans um Skúla jarl, og síðar hertoga. Það sem þeir sneru út úr var að Skúli væri harðmúlaður, (harðdrægur skv. skýringum í *Sturlunga sögu útgáfu*) og sögðu að erfitt hlyti að vera að kyssa hann. Gissur, bróðir Bjarnar, var tólf ára þegar þetta var, en nærri tuttugu árum síða féllu Sig-hvatur, bróðir Snorra, og Sturla Sighvatsson fyrir honum í Örlygsstaða-bardaga. Sturla Sighvatsson varðist með Grásíðu. Snorri lifði þremur árum lengur, en þá lét Gissur drepa hann, með leyfi eða að fyrirmælum Hákonar konungs, vegna stuðnings Snorra við uppreisn Skúla hertoga. Vísan að framan hefur gert honum það auðveldara.

HEIMILDASKRÁ

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1999. Vísaskýringar í: Aðalsteinn Eypórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir. *Gísla saga Súrssonar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Björn Karel Þórólfsson. 1943. *Gísla saga Súrssonar* í: Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson. *Vestfirðinga sögur*. Íslenzk fornrit VI. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson. 1935. *Eyrbyggjasaga*. Íslenzk fornrit IV. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Finnur Jónsson, Sveinbjörn Egilsson. 1931. *Lexicon Poeticum, ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*, 2. udgave. Kaupmannahöfn: Det Kongelige Nordiske Oldskriftselskab.
- Finnur Jónsson. 1912–1915. *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning A–B I–II*. Kaupmannahöfn: Villadsen & Christensen.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 2021. *Sturlunga saga I–III*. Íslenzk fornrit XX–XXII. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Heimir Pálsson. 1996. *Edda Snorra Sturlusonar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Ólafsson. 1786. *Om Nordens gamle Digtekunst, dens Grundregler, Versarter, Sprog og Foredragsmaade*. Et Priiisskrift. Kaupmannahöfn: Det Kongelige Videnskabers Selskab.

